

STJÓRNARTÍÐINDI B 24 — 1972

Nr. 241.

548

7. september 1972.

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Rangárvallasýslu um flutning þingstaðar í Rangárvallahreppi.

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í bréfi dags. 21. f. m., og ósk hreppsnefndar Rangárvallahrepps, veitir ráðuneytið hér með samþykki sitt til þess, að þingstaður hreppsins verði fluttur frá Strönd að Hellu, enda annist hreppsnefndin, um, að jafnan verði á hinum nýja þingstað aðgangur að hæfilegu húsnæði til þinghaldanna.

Þetta er yður hér með til vitundar gefið og frekari birtingar.

Nr. 242.

5. janúar 1972.

AUGLÝSING

frá félagsmálaráðuneytinu um laun oddvita.

Samkvæmt ákvæðum 40. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 58 frá 1961 eru laun oddvita fyrir árið 1971 níutíu og þrjár krónur fyrir hvern hreppsþúa auk tilskilinna 4% innheimtulauna.

Félagsmálaráðuneytið, 5. janúar 1972.

Nr. 243.

26. febrúar 1972.

AUGLÝSING

um gjald fyrir afnot stöðumælareita á Akureyri.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968 hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. Frá og með 1. marz 1972 verður gjald fyrir afnot stöðumælareita í Hafnarstræti frá Ráðhústorgi að Kaupvangsstræti, fimm krónur fyrir hverjar byrjaðar 30 mínútur.

Aukaleigugjald er kr. 50,00.

Lögreglustjórinn á Akureyri, 26. febrúar 1972.

Ófeigur Eiríksson.